

Sjáið muninn!

eftir Haim Shafrir



amigo-spiele.de/04903

Fjöldi leikmanna: 2-6 Aldur: 4 ára og eldri Spilátími: u.þ.b. 10 mín.

Innihald



32 spil

Markmið spilsins

Á hverju spili eru tvær **næstum** eins myndir, hvor á sinni hlið. Stundum er blómið útsprungið og stundum ekki. Stundum er sólin á bak við ský og stundum fyrir ofan það. Í spilinu snýr eitt barnanna við spili og öll hin börnin reyna að finna út hvað spil það var.

Hefur einhver kveikt ljósin í húsinu? Hefur strákurinn snúið derhúfunni sinni við? Sá sem er fyrstur til að sjá muninn má leggja niður eitt af sínum eigin spilum hjá þeim sem liggja á borðinu. Sá sigrar sem er fyrstur til að losna við öll spilin sín!



Undirbúningur spilsins

Það fer eftir fjölda leikmanna hvað hver leikmaður fær mörg spil, sem hann svo leggur í bunka fyrir framan sig.

2 leikmenn – 6 spil
3 leikmenn – 6 spil

4 leikmenn – 5 spil
5 leikmenn – 4 spil

6 leikmenn – 4 spil

Að auki eru fimm spil lögð á mitt borðið. Það skiptir ekki máli hvor hliðin snýr upp. Hin spilin eru sett í kassann.



Aníta



Soffía



Júlli



Þorsteinn



Anna

Gangur spilsins

Yngsti leikmaðurinn byrjar. Allir hinir leikmennirnir halda fyrir augun og á meðan velur sá sem á leik eitt af spilunum á borðinu og snýr því við. Þegar hann segir: Sjáið muninn! opna allir augun og reyna að sjá, eins fljótt og þeir geta, hvaða spili hefur verið snúið við. Hver leikmaður fær aðeins eina tilraun!

Sá sem finnur rétta spilið má leggja niður eitt af sínum eigin spilum hjá hinum spilunum á borðinu og fær næst að snúa við spili.

Ef engum tekst að finna rétta spilið má sá, sem sneri því við, leggja niður eitt af sínum spilum á borðið og snúa við nýju spili.




Sjáðu hvað þetta er einfalt!



Gerðu nú!

Gangur spilsins



Dæmi: Anna byrjaði og sneri við spilinu með vekjaraklukkunni. Anita varð fyrst til að uppgötva að tíminn á vekjaraklukkunni hafði breyst og má því leggja niður eitt af sínum eigin spilum á borðið. Hún fær svo næst að snúa við spili.

Lok spilsins

Spilinu lýkur um leið og einhver leikmanna leggur síðasta spilið sitt niður á borðið. Sá leikmaður sigrar.




Bara tveir leikmenn? Ekkert vandamál!

Ef aðeins tveir vilja spila snýst spilið auðvitað ekki lengur eins mikið um hraða heldur vökult auga! Allar aðrar reglur eru eins.

Ábending til foreldra: SJÁÐU! fyrir mjög ung börn

Lítill börn geta líka spilað spilið og haft gaman af. Þá er best að fækka spilunum og hvetja barnið til að lýsa breytingunni á myndinni með örstuttri sögu: „Hundurinn er farinn að sofa!“, „Umferðaljósinn skiptu yfir í rautt“ eða „Maurinn skreið upp á sveppinn“. Þessar örsögur hjálpa barninu að leggja á minnið mismuninn á myndunum.



Hæ krakkar! Hafði þið prófað þessi skemmtilegu spil?



Sie haben ein Qualitätsprodukt gekauft. Sollten Sie dennoch Anlass zu einer Reklamation haben, wenden Sie sich bitte direkt an uns.

Haben Sie noch Fragen? Wir helfen Ihnen gerne:

AMIGO Spiel + Freizeit GmbH, Waldstraße 23-D5, D-63128 Dietzenbach
www.amigo-spiele.de, E-Mail: hotline@amigo-spiele.de

